

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Lyngborga í landi Minni-Borga.*
Í breytingunni felst að lóðirnar nr. 27 og 31 við Lyngborgir verða sameinaðar. Ný lóð verður nr. 27 og verður 14.138 m² að stærð.
Samþykkt í sveitarstjórn 8. desember 2009.
2. *Breyting á deiliskipulagi lögbýlanna Stangarlækjar I og II.*
Í breytingunni felst að heimilt verður að byggja allt að 5.000 m² útihús í stað 1.500 m² og heimilt verður að byggja hrossaskjól að Stangarlæk I. Byggingarreitir íbúðarhúsa verða einnig stækkaðir.
Samþykkt í sveitarstjórn 5. nóvember 2009.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. apríl 2010.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 11. maí 2010